

Fundur í fræðslu og skólanefnd haldinn 24. nóvember 2010 í Laugargerðisskóla kl. 15.

Mættir: Eggert Kjartansson, Guðríður Pétursdóttir, Katrín Gísladóttir, Kristín Björk Guðmundsdóttir skólastjóri, Sigurður Jónsson fulltrúi kennara, Sigríður Sigurðardóttir fulltrúi foreldra og Hulda Þórðardóttir fulltrúi Borgarbyggðar.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.
Eftirfarandi var tekið fyrir:

- Kosinn varaformaður: Guðríður Pétursdóttir
- Kynnt drög að erindisbréfi og farið yfir það. Óskað eftir viðbót, um verkefni nefndarinnar grein 2, að nefndin fái fjárhagsáætlun til umsagnar fyrir lokaafgreiðslu hreppsnefndar. Einnig var spurning um skólastefnu sem vitnað er í. Formanni falið að koma ábendingum til oddvita.
- Kristín Björk kynnti námsáætlun Laugargerðisskóla, handbókina, áætlanir og mentor. Námsáætlun samþykkt samhljóða.
- Námsáætlun vegna leikskóladeildar kynnt. Rennt var yfir hana en hún verður send til nefndarmanna til ýtarlegri lesturs og afgreidd síðar. Ljóst er að þar er mjög gott starf unnið en enn stendur á staðfestingu á lögmæti leikskólans, sem er gríðarlega mikilvæg fyrir framhaldið!
- Rætt um útivistar og leiksvæði nemenda. Skólastjóri kynnti það sem gert hefur verið og sýndi teikningu af svæðinu.
- Sérfræðiþjónusta. Skólastjóri fór yfir stöðuna.
- Rætt um framhaldið. Stefnt er að reglubundnum fundum 2. miðvikudag í mánuði. Næsti fundur áætlaður 8. Desember næstkomandi. Formanni falið að óska eftir að fjárhagsáætlun fyrir Laugargerðisskóla fyrir 2010 verði lögð fyrir næsta fund af fulltrúa sveitarfélagsins.

Fundarritari Katrín Gísladóttir.
Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið.

Katrín Gísladóttir
Eggert Kjartansson
Guðríður Pétursdóttir
Kristín Björk Guðmundsdóttir
Sigurður Jónsson
Sigríður Sigurðardóttir
Hulda Þórðardóttir